

Minnisblað

Til:
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 23. október 2020
Mnr. 2020100091



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Lántaka ársins 2020

Samkvæmt viðauka 14, sem samþykktur var á 463. fundi bæjarstjórnar þann 15. október 2020, var ákveðið að lántaka Ísafjarðarbæjar á árinu 2020, yrði kr. 500.000.000, vegna framkvæmda og afborgana eldri lána ársins 2021.

Með tölvupósti þann 8. október 2020 lýsti undirrituð yfir vilja á að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna ofangreinds.

Beiðni Ísafjarðarbæjar var tekin fyrir á fundi stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga 21. október 2020, og var lánsúmsóknin samþykkt samhljóða.

Undirrituð leggur því til að bæjarráð leggi til við bæjarstjórn að samþykkja að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 500.000.000, með lokagjalddaga 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem lagður er fram og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Lagt er til að bæjarstjórn samþykki að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir sveitarfélagsins og endurfjármagna afborganir eldri lána sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er lagt til að Birgi Gunnarssyni, bæjarstjóra, kt. 050263-5419, verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Ísafjarðarbæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Bryndís Ósk Jónsdóttir
sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs